

# BÍLAR

**Reynsluakstur Skoda Octavia**  
**Settu saman eigin bíl á 12 tímum**



FRÉTTABLAÐIÐ  
visir.is/bilar

## FLYTUR FIAT TIL BANDARÍKJANNA?

Árið 2004 komu 90% tekna Fiat frá Evrópu en nú aðeins 24%.

Eigendur Fiat, sem eru á góðri leið með að eignast Chrysler, hugleiða nú að flytja höfuðstöðvar sínar alfarið til Bandaríkjanna. Ástæða þessa er sú að Chrysler er mjög vaxandi fyrirtæki sem gengur vel nú, en Fiat smækkar og smækkar vegna hinnar dvínandi sölu á bílum fyrirtækisins í Evrópu. Sem dæmi þá komu 75% af rekstrarhagnaði Fiat-samstæðunnar frá Bandaríkjunum á síðasta ári og því telur Sergio Marchionne, forstjóri Fiat, að rétt sé að stjórna fyrirtækinu þaðan. Sumir háttsettra starfsmanna Fiat hafa neitað því að þetta standi til en margir kunnugir segja eigendur velta þessu alvarlega fyrir sér nú.



**VAR STOFNAÐ**  
árið 1899  
**3/4 HAGNADAR**  
komu frá BNA í fyrra  
**VELTA FIAT**  
27 milljarðar evra 2004  
84 milljarðar evra 2012  
**Á MEIRIHLUTA**  
í Chrysler og stefnir að  
eign allra hlutabréfa

### Aðeins 24% tekna Fiat frá Evrópu

Fiat var stofnað árið 1899 í Tórínó og það væri enn eitt áfallið fyrir atvinnulífið á Ítalíu ef þetta yrði niðurstaðan. Þar nálgað atvinnuleysi nú 20% og ekki yrði þetta til að bæta úr. Tap Fiat á rekstri sínum í Evrópu nam 108 milljörðum króna í fyrra. Áherslur Fiat á Evrópu sem markaðssvæði hafa verulega minnkað síðan efnahagslægdin lagðist yfir Evrópu. Nú koma aðeins 24% af tekjum Fiat frá Evrópu, sem eitt og sér hvetur fyrirtækið enn frekar til þeirra áforma að flytja sig. Þegar Marchionne var gerður að forstjóra Fiat árið 2004 voru 90% tekna Fiat frá Evrópu og heildartekjurnar 27 milljónir evra, en þær voru orðnar 84 milljónir evra í fyrra, ekki síst með tilkomu Chrysler. Því skiptir Evrópa sífellt minna máli fyrir Fiat og lík-

lega mun þróunin enn halda áfram í þessa átt á næstu árum.

### Vilja vera þar sem hagnaður skapast

Að auki vill Fiat-samstæðan eðlilega leggja meiri áherslu á markaði sem skila fyrirtækinu ávinningi, en ekki bullandi tapi. Fiat er, þrátt fyrir snarminnkaða bílasölu í Evrópu, það fyrirtæki sem veitir flestum vinnu á Ítalíu. Nafnið Fiat er skammtöfun fyrir Fabbrica Italiana Automobili Torino, sem gæti útlagst verksmiðjur ítalskra bíla í Tórínó, og er almennt talið mikið stolt hinnar ítölsku þjóðar. Fiat stefnir einart að því að eignast síðustu 41,5% í Chrysler, en bréfin eru í eigu eftirlaunasjóðs United Auto Workers í Bandaríkjunum og eru aðilar nú að karpa yfir verði á þeim.

## SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013



**TÉKKLAND**  
Bifreiðaskoðun





Bíllinn ber heitið OX og er bresk hönnun.

## SETTU SAMAN EIGIN BÍL Á 12 TÍMUM

Er ætlaður sem ódýr kostur á efnaminni heimssvæðum.

Þeir sem eru vanir að kaupa húsgögn í IKEA og setja þau saman sjálfir gætu hæglega sett saman þennan bíl. Hann kemur sem sagt ósamsettur og það tekur þrjá aðeins 12 tíma að setja hann saman. Flott helgardjobb. Bíllinn ber heitið OX og er bresk hönnun. Það tekur einungis 5,4 klukkutíma að smíða hann hjá framleiðandanum. OX er með stýrið í miðjunni en getur tekið allt að 13 manns, eða þrjár EURO-pallettur af vörum. Bíllinn er með 2,2 lítra dísilvél og beinskiptingu. Hann vegur 1,7 tonn og 73% þyngdarrinnar hvíla á framöxlinum, en þegar hann er hlaðinn hvíla enn 53% þar. Bíllinn hefur flutningsgetu upp á 2,2 tonn og getur farið í 76 sentimetra djúpt vatn. Hann passar vel í einn gám ósamansettur og er því þægilegur í flutningum. Ef eitthvað í bílnum skemmist eða bílar er ákaflega auðvelt að skipta sjálfur um hlutinn.

### Hugsadur fyrir Afríku

Smíði bílsins er ekki síst hugsuð fyrir Afríkumarkað, þar sem ekki er mikið fyrir af bílum og kaupgeta lítil. Hönnun hans ber glögg



merki um þarfir Afríkubúa og þar gæti hann selst best. Engu að síður gæti orðið góð eftirspurn eftir OX hjá bændum í Evrópu sem þurfa einmitt á svona vinnuhestum að halda við sín störf. Hugmyndasmíður bílsins er Sir Torquil Norman, stofnandi Norman-sjóðsins sem þekktur er fyrir að bjarga niðurníddum, þekktum húsum. Norman er hins vegar einnig mjög umhugað um þarfir íbúa Afríku og hefur komið að fleiri framfaraverkefnum þar. Hann hefur lagt til 300 milljónir króna til að búa til þetta fyrsta eintak bílsins, en þarf um 600 milljónir til viðbótar til að flytja bíllinn yfir á framleiðslu-hæft stig. Við vonum bara að það takist hjá Norman. Ekki er ljóst hvað bíllinn mun kosta, en ódýr á hann að verða.

## SCODA OCTAVIA



1,6 L BENSÍNVÉL, 105 HESTÖFL  
FRAMHJÓLADRIF

Eyðsla 3,8 l/100 km í bl. akstri  
Mengun 99 g/km CO2  
Hröðun 10,1 sek.

Hámarks hraði 188 km/klst.

Verð 3.920.000 kr.

Umboð Hekla



Skoda Octavia hefur ekki breyst svo mikið í útliti, en samt fríkkað.

# METSÖLUBÍLL VERÐUR ENN ÞÁ BETRI

Kemur nú af fjórðu kynslóð, hefur lést um 102 kíló og enn betri akstursbíl fyrir vikið.

### SCODA OCTAVIA

Finnur Thorlacius reynsluekur

Skoda Octavia er einn vinsælasti bíll hér á landi á undanförunum árum. Hann var næstsöluhæsti einstaki bíllinn í fyrra og sá söluhæsti árið 2011. Það er ekki að ósekju, því kaupendur hans hafa fengið mikið fyrir peningana við kaup á Octavia. Ekki hefur það versnað með nýrri kynslóð bílsins og þrátt fyrir fyrri gæði hans hefur hann tekið stórt stökk fram á við hvað margt varðar. Hann gulltryggir sér titilinn rúmbesti bíllinn í sínum flokki og stækkar umtalsvert. Þrátt fyrir það er hann 102 kílóum léttari en forverinn, þökk sé helst nýjum undirvagni sem notaður er einnig í nýja Golfinn sem og tugi annarra bíla í Volkswagen-fjölskyldunni. Skoda Octavia nýtur einmitt mjög góðs af því að vera í þeirri fjölskyldu því margt af því sem sést í bílnum er frá dýrari Volkswagen-bílum og jafnvel Audi. Engu að síður er Octavia áfram mjög ódýr bíll en fyllilega sambærilegur Volkswagen-bílum hvað gæðin varðar. Í því liggur galdur Skoda.

### Skilvirk nett dísilvél

Skoda Octavia var bæði reynsluekið í Portúgal og á Íslandi. Sú gerð Octavia sem vinsælast er á flestum mörkuðum og langvinsælust hérlendis er með 1,6 lítra dísilvélinni og 105 hestöfl. Þetta er mögnuð vél sem virkar miklu öflugri en hestaflatalan gefur til kynna, en hún togar heil ósköp og fyrir vikið skortir bíllinn sjaldan afl. Það er aðeins í fyrsta gír sem finnst fyrir afleysi en svo virðist, eins og með marga aðra bíla, að tog vélarinnar sé takmarkað frá framleiðanda til að vernda drifrásina. Í öðrum gírnum finnst ekki fyrir þessu. Með þessari vél er Octavia mjög ódýr bíll, hvað þá 5-gíra beinskiptingunni á 3.920.000 krónum en borga þarf 400.000 krónum meira fyrir sjálfskiptinguna. Octavia má fá með fjórum öðrum gerðum véla, 1,2 lítra, 1,4 lítra og 1,8 lítra bensínvélum, 105, 140 og 180 hestafla. Beinskiptur bíll með minnstu bensínvélinni er þeirra ódýrastur á 3.670.000 krónum. Fyrir utan 1,6 l dísilvélinna má fá 2,0 l vél sem skilar 150 hestöflum og bæði með

henni og sterkustu bensínvélinni er Octavia orðinn að hálfgerðum spyrnubíl. Reynslan við akstur bílsins með stærstu bensínvélinni var ótrúleg skemmtun og þvítíkt afl! Sú vél er reyndar ekki á verðlistanum frá Heklu, en hana má sérpanta.

### Hrikalega góður akstursbíl

Akstur Skoda Octavia er einkar ánægjulegur og fyllilega sambærilegur við bíl ársins í heiminum, þ.e. Volkswagen Golf. Hann er hreinlega með allra bestu akstursbílum og enga hnökra má finna, nákvæmt stýri, hann hallar sér vart í beygjum, leggja má gríðarmikið á hann, frábær fjöðrun, lítil undirstýring og svo mætti lengi telja. Forverinn var góður en þessi er bara enn betri og einhver hluti skýringarinnar á rætur að rekja til þess hversu mikið bíllinn hefur lést. Eitt vekur fljótt furðu, en það er hversu hljóðlátur bíllinn er og minnir um margt á rándýra lúxusbíla. Í reynsluakstri í höfuðborginni var bíllinn með 6,8 lítra í frísklegum akstri, sem er nokkuð langt frá uppgefinni eyðslu, en það er ekki svo snúið að lækka hana verulega en erfitt gæti reynt að nálgast uppgefna 3,8 lítra eyðslu.

### Mikið fyrir peningana

Að utan er Octavia við fyrstu sín ekki mikið breyttur. Þegar rýnt er betur sést hversu vel Skoda hefur tekist við að fegra bíllinn, línur eru allar orðnar skarpari og hvassari og það gefur bílnum karakter og fríðleika. Innanrímið er sérkapítuli. Lenging bílsins um 9 cm hefur gert rúmgóðan bíl að bíl sem á sér helst hliðstæðu í stærri lúxusbílum. Það er hreinlega fyndið að setjast í aftursætið og sjá hversu langt er í framsætið. Skottið í bílnum er svo stórt að það á sér enga hliðstæðu í þessum flokki bíla. Þannig verður Octavia að fínum ferðabíl með sitt 590 lítra skottrými. Frágangur innréttingarinnar er til fyrirmyndar og alveg sambærilegur við frábæra innréttingu frænda hans, Golfins. Allt er hrikalega vel smíðað og efnisvalið fínt. Engir stælar eru á innréttingu eða mælaborði, bara allt til alls og á réttum stað. Flottur aðgerðaskjár er fyrir miðju, en líka greinargóð aksturs-tölva bak við stýrið. Skoda leggur mikið upp úr alls



## HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



**TOYOTA Land cruiser 120 GX.**  
Árgerð 2005, ekinn 117 þ.KM,  
bensín, sjálfskiptur.8manna  
**Verð 2.990 þ.**  
Rnr. 220032



**NISSAN Patrol GR LUXURY.**  
Árgerð 2005, ekinn 151 þ.KM, dísel,  
sjálfskiptur. ásett 3.250þ  
**TILBOÐ 2.590 þ. LÁN 1.750 þ.**  
Rnr. 124712



**SKODA Octavia ambiente.**  
Árgerð 2008, ekinn 117 þ.KM,  
dísel, 5 gírar.  
**Verð 2.150 þ. LÁN 1.900 þ.**  
Rnr. 125101



**NISSAN Navara**  
**4wd double cab AT LE.**  
Árgerð 2007, ekinn 119 þ.KM, dísel,  
sjálfskiptur.  
**Verð 2.590 þ. pallhús, Gott eintak!**  
Rnr. 125151

Komdu og skráðu bíllinn þinn frítt inn !!!  
Einnig óskum við eftir ferðavögnum á skrá mikil eftirspurn  
Erum á Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina  
www.hofdabilar.is - hofdabilar@hofdabilar.is - s. 5774747



**KEMUR Á ÓVART**

hversu hljóðlátur bíllinn er að innan.



- Afþskortur í fyrsta gír
- Talsvert frá uppgefni eyðslu



- Góðir akstureiginleikar
- Mikill staðalbúnaður
- Gott verð

**OCTAVIA**

kostar frá 3.670.000 kr.

**HANN MÁ FÁ**

með 5 mismunandi vélum.



Skoda leggur mikið upp úr sniðugum lausnum.



Frágangur innréttingar er til fyrirmyndar.




Skottið er hrikalega stórt, 590 lítrar.

konar sniðugum lausnum og smáatriðum. Armpúðinn er með sniðugustu og skilvirkustu hækkun sem greinarritari hefur séð, kæling í hanskahólfi, rusladallur með poka í farþegahurð, sniðugar hirslur með miklu notkunargildi og rúðuskafa í bensínloki eru bara örfá dæmi um sniðugheitin. Ekki versnar það hvað skottið varðar, snúa má þar mottunni, sem er tvöföld með gúmmíi öðrum megin en teppi hinum megin, allt eftir þörfum. Festingar fyrir hvers konar farangur eru þær flottustu sem sést hafa og engin takmörk eru fyrir því hvað tékkneskir verkfræðingar Skoda reyna að einfalda fyrir mann lífið. Allt þetta fær kaupandi Octavia fyrir lítið. Því er Skoda Octavia, nú sem áður, frábær kaup og ekki kæmi á óvart að hann seldist allra bíla best á þessu ári á Íslandi.



Octavia er skemmtilegur akstursbíll og hefur nú batnað sem slíkur.



**Dreymir þig um að eignast ferðavagn?**

**Ergo vill aðstoða þig við að eignast ferðavagn**

Þú finnur draumavagninn þinn og sendir okkur nánari upplýsingar. Saman finnum við svo réttu lausnina til að aðstoða þig við fjármögnunina.

**Kynntu þér málið nánar á ergo.is**

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is







# SPARNEYTINN MAZDA CX-5

FJÓRHJÓLADRIFINN

BLUETOOTH <sup>1800 KG DRÁTTARGETA</sup>  
SNERTISKJÁR **21 CM VEGHÆÐ**  
BLINDPUNKTSAÐVÖRUN



SPARAÐU MEÐ  
**SKYACTIV**  
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.  
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.

Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhæmlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. Bluetooth símabúnaður, i-stop spartækni, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.

Komdu í reynsluakstur.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 155 g/km. Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á